

Fimmtudaginn 12. október 1978.

Nr. 168/1978. **Ákærvaldið**

gegen

Hafsteini Häsler.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Dóm þennan kveða upp hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 8. október 1978, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess í greinargerð hér fyrir dómi, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, svo og krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði. Eigi hefur borist greinargerð né kröfur frá ríkissóknara.

Í þinghaldi 7. október 1978 var borin undir varnaraðilja III. liður í bréfi rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 6. okt. þ. á., en bréfið er í heild sinni tekið upp í héraðsdóm. Er bókað eftir varnaraðilja, að hann rámi í þau viðskipti, er þar greinir, og hafi hann nokkrum sinnum stundað bíla- viðskipti með líkum hætti og greinir í rannsóknargögnum málsins. Kveðst hann „í öllum tilvikum hafa sjálfur fengið hagnaðinn af þessum viðskiptum“.

Með vísun til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. október 1978.

Ár 1978, laugardaginn 7. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavöxtum er rækilega lýst í greinargerð með kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, Hafsteini Häsler, og segir þar svo orðrétt:

I.

„Þann 11. september s.l. kærði Hilmar Ingimundarson hrl. fyrir hönd umbjóðanda síns Skarphéðins Einarssonar, Efri-Brúnastöðum, Vatnsleysuströnd, fyrirsvarsmenn Bílasölunnar Brautar s.f., Skeifunni 11, Reykjavík, fyrir ætluð fjársvik vegna sölu á bifreiðinni Ö-4758.

Í kærinni segir m. a., að Skarphéðinn Einarsson hafi komið bifreiðinni Ö-4758 til sölu á nefndri bifreiðasölu og hafi bifreiðin selst á krónur 800.000.00, sem lagt var inn á reikning hans við Verzlunarbanka Íslands, og honum jafnframt tjáð, að það væri söluverð bifreiðarinnar. Hinsvegar hafi komið í ljós, að bifreiðin hafi verið seld Ágústi Guðjónssyni, Kríuhólum 4, Reykjavík, fyrir skuldabréf samtals að fjárhæð kr. 2.800.000, en með 50% afföllum, þannig að verð bifreiðarinnar miðað við staðgreiðslu var kr. 1.400.000.00.

Rannsókn hófst þann 14. september s.l., og leiddi hún til þess, að kærður Hafsteinn Häsler, starfsmaður Bílasölunnar Brautar, viðurkenndi að hafa keypt bifreiðina af seljandanum Skarphéðni Einarssyni og selt hana kaupandanum Ágústi Guðjónssyni með þeim kjörum, sem að ofan er lýst, og jafnframt að hafa annarsvegar leynt seljanda því, að hann væri kaupandi bifreiðarinnar, og hins vegar kaupanda, að hann væri seljandi hennar.

Bifreiðin Ö-4758 var því seld á opnu afsali sem kallað er, og umskráning fór eigi fram lögum samkvæmt.

Mjög sterkur grunur leikur á því, að annar eigandi Bílasölunnar Brautar, Hafsteinn Hauksson, sé hlutdeildarmaður í ætluðu broti Hafsteins Häsler, en Hafsteinn Hauksson gekk frá afsali og sölutilkynningu, er Ágúst keypti bifreiðina Ö-4758, og styður framburður Hafsteins Häsler þær grunsemdir. Að öðru leyti vísast um nánari atvikalýsingu til meðfylgjandi skýrslu RLR.

II.

Þann 4. þ. m. barst RLR kæra á Hafstein Häsler frá Hannesi Svavarssyni varðandi meint fjársvik í sambandi við bílaviðskipti. Kærandi kveðst þann 15. apríl s.l. hafa skoðað á Bílasölunni Braut bifreiðina G-10131, sem er Dodge fólksbifreið. Hann hafi haft hug

á að kaupa þessa bifreið og hafi bílasalinn, sem annaðist sölu á bifreiðinni fyrir hönd seljanda, síðan tekið bifreið kæranda X-2212 (Toyota Corolla) í skiptum fyrir bifreiðina G-10131. Bílasalinn hafi verðmetið bíl kæranda á gangverði og hafi kærandi greitt kr. 50.000.00 í milligjöf. Kærandi ber, að bílasalinn hafi ekki getað fullgengið frá afsali vegna bifreiðarinnar X-2212 Toyota Corolla, þar sem eigandi Dodge bifreiðarinnar væri til sjós. Hinsvegar var strax gengið frá afsali vegna bifreiðarinnar G-10131, en bílasalinn kvaðst, að sögn kæranda, hafa umboð frá seljanda til að ganga frá því. Kærandi segist síðan hafa fengið afsalið vegna bifreiðarinnar X-2212 sent í pósti nokkrum dögum síðar og hafi hann strax tekið eftir því, að nafn þess, sem sagður var hafa keypt bifreiðina var ekki nefndur á afsalinu, heldur hafi Sigurður Fjeldsted verið sagður kaupandi á afsalinu. Kærandi segir bílasalann hafa farið fram á, að verð Dodge bifreiðarinnar (G-10131) yrði sagt minna á afsalinu, eða kr. 1.100.000.00 í stað kr. 1.850.000.00 sem bifreiðin hafi verið verðsett á. Kærandi segist hafa fallist á þetta gegn því, að verð á afsali Toyota bifreiðarinnar yrði þá einnig sagt minna, eða kr. 1.400.000.00.

Kærandi segir fljótlega hafa komið í ljós, að vél Dodge bifreiðarinnar var útslitin, og hafi orðið að gera vélina upp. Segist kærandi hafa þá haft samband við Hans Häsler, sem sagður var seljandi Dodge bifreiðarinnar, og hafi hann í fyrstu ekkert kannast við að hafa staðið í þessum bílaviðskiptum, en kannaðist við það, er gengið hafi verið á hann með það, að hann væri skráður seljandi bifreiðarinnar á afsalinu. Hafi Hans í þessu sambandi vísað til bílasölunnar. Kærandi hafi síðan haft samband við bílasalann, sem hann hafi átt þessi viðskipti við, og hafi sá greitt helming viðgerðarkostnaðarins við viðgerð vegna vélarbílunarinnar, eða kr. 130.000.00.

Kærandi segist síðar hafa komist að því, að bílasalinn hjá Bílasölunni Braut hafi verðmetið sína bifreið langt undir gangverði og Dodge bifreiðina of háa. Kærandi telur sig því hafa verið hlunfارينn í þessum viðskiptum.

Vitni, sem var Hannesi til aðstoðar við þessi bílaviðskipti, staðfestir framburð hans.

Kallaður hefur verið fyrir í málinu Sigurður Fjeldsted, sem keypti bifreiðina X-2212 (Toyotuna) tveim dögum eftir að þessi viðskipti Hannesar fóru fram. Sigurður ber, að Toyota bifreiðin hafi verið á söluskrá hjá Bílasölunni Braut, verðmetin á kr. 2.2—

2.3 millj., en Sigurður ber, að hann hafi greitt kr. 1.950.000.00 fyrir bifreiðina, staðgreitt. Sigurður segist ekki hafa vitað til annað en að hann væri að kaupa bifreiðina af Hannesi Svavarssyni eða eiginkonu hans, sem bílasalinn hafði haft símasamband við til að fá hennar samþykki fyrir sínu tilboði.

Kærði, Hafsteinn Häsler, segist hafa annast þessar bílasölur fyrir hönd bróður síns, Hans Häsler, og segir kæranda hafa samþykkt, að Toyota bifreiðin yrði seld á „opnu afsali“, þannig að Hans væri ekki sagður kaupandi Toyota bifreiðarinnar, heldur næsti kaupandi, enda hafi strax átt að selja Toyota bifreiðina. Kærði kveðst ekki muna, á hvaða verði Toyota bifreiðin hafi verið seld Sigurði Fjeldsted, annað en að hann telur það hafa verið á því, sem nefnt er í afsalinu kr. 1.400.000.00.

Hans Häsler hefur verið yfirheyrður í málinu, og er hans framburður mjög í ósamræmi við það, sem fram hefur komið í málinu, og m. a. getur Hans ekki farið neitt nærri um verð í sambandi við þessar bílasölur, þó svo að hann beri sig hafa átt þessi viðskipti eða Bílasöluna Braut fyrir sína hönd. Ekki hefur náðst til seljanda Dodge bifreiðarinnar, sem seldi Hans Häsler, til að fá hans framburð í málinu.

III.

RLR hefur fengið það uppgefið hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, að Hafsteinn Häsler sé skráður fyrir kaupum á fimm bifreiðum á þessu ári og eiginkona hans, Kristín Guðjónsdóttir, einnig á fimm bifreiðum.

RLR tók af handahófi og rannsakaði 1 tilvik þeirra bílaviðskipta, sem eiginkona Hafsteins er skráð fyrir, til að kanna, hvort löglega hafi verið að þeim staðið, með hliðsjón af þeim tveim kær-um, sem búið er að rekja í kröfunni.

Þann 17. febrúar s.l. selur Eiður Björnsson bifreið sína R-54015, sem er Dodge Swinger, hjá Bílasölunni Braut. Kaupandi er sagður vera Kristín Guðjónsdóttir, Æsufelli 2, Reykjavík, en bílasalan annast þessi viðskipti að öllu leyti fyrir hönd Kristínar. Eiður ber, að Dodge bifreiðin sín hafi verið verðmetin á kr. 1.950.000.00 og upp í kaupverðið hafi hann tekið bifreið af Ford Cortina gerð, sem verðmetin var á kr. 1.380.000.00, bæði í víxlum og reiðufé. Það hafi hins vegar verið farið fram á það við Eið, að kaupverð bifreiðanna yrði sagt lægra á afsölunum, eða kr. 1.750.000.00 Dodge bifreiðin og kr. 900.000.00 Ford Cortinan og hafi það síðan verið

haft þannig. Kærandi segist nokkrum dögum eftir þessi viðskipti hafa þurft að hafa samband við nefnda Kristínu Guðjónsdóttur og farið að nefndu heimili hennar Æsufelli 2, en honum hafi verið tjáð þar, að hún væri flutt þaðan fyrir alllöngu síðan og byggi í Kópavogi. Eiður hafi síðan haft upp á heimilisfangi hennar í Kópavogi og farið þangað. Þá hafi borið svo við, að til dyra þar hafi komið sá bílasali hjá Bílasölunni Braut, sem annast hafi umrædd bílaviðskipti. Eiður segir þetta hafa komið sér mjög á óvart, þar sem hann hafi ekki vitað um nein tengsl á milli Kristínar og bílasalans, enda hafi það ekki komið fram, þegar viðskiptin fóru fram.

Þann 24. s. m. keypti Úlfar Björnsson, Hólsvegi 10, Reykjavík, bifreiðina R-54015, en um er að ræða framangreinda Dodge bifreið. Viðskiptin fóru fram hjá Bílasölunni Braut. Uppsett verð, að sögn Úlfars, var kr. 1.800.000.00, og lét hann bifreið sína R-53399, Citroën GS, ganga upp í kaupverðið og greiddi í millgjöf kr. 550.000.00. Bílasalan annaðist algjörlega þessi viðskipti fyrir hönd seljanda R-54015, og átti Úlfar aldrei tal við seljandann. Bílasalinn fór fram á, að ekki yrði fullgengið frá afsalinu vegna Citroën bifreiðar Úlfars, sem tekin var upp í kaupin, heldur yrði reynt að selja þá bifreið strax aftur og nafn síðari kaupanda þá sett inn á afsalið sem kaupanda, þannig að nafn þess, sem keypti bifreiðina af Úlfari (Kristín Guðjónsdóttir), kæmi ekki fram. Úlfar sagðist hafa samþykkt þetta og fengið afsalið sent til sín í pósti nokkru síðar.

Eftir er að yfirheyra ýmsa aðila í sambandi við mál þetta og rekja nánar sögu þessara viðskipta.

Með hliðsjón af framansögðu sýnist full þörf á því að rannsaka frekar viðskiptahætti kærða og eiginkonu hans svo og þátt Bílasölnnar Brautar, en eins og að framan greinir, eru þau skráð fyrir kaupum á samtals 10 bifreiðum á þessu ári, og er hér aðeins um úrtak (sic), sem valið var af handahófi í Bifreiðaeftirliti ríkisins.

Eigi hefur unnist tími til að yfirheyra kærða um öll þessi mál sökum umfangs þeirra og tímaskorts.

Með skírskotun til ofanritaðs og tilvísun til 1. tl. 2. mgr. 67. gr. l. 74/1974 þykir því nauðsyn til bera, að kærður verði úrskurðaður í gæsluvarðhald, svo sem að framan er krafist.

Krafa þessi er sett fram með heimild í 11. gr. l. nr. 107/1976.

Þar sem rannsóknarlögregla ríkisins þykir hafa sýnt fram á

nauðsyn þess, að kærði verði látinn sæta gæsluvarðhaldi, svo og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. október 1978, kl. 1700. Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hafsteinn Häsler, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. október 1978, kl. 1700.

Mánudaginn 16. október 1978.

Nr. 162/1978. Rauðará h/f
 gegn
Breiðholti h/f.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 2. ágúst 1978, sem barst Hæstarétti 28. september s. á., Vitneskju um uppsögu héraðsdóms fékk sóknaraðili hinn 20. júlí 1978. Hann krefst þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 3. júlí 1978, verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.